

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Egilsstaðir, 14.8.2024
UST202401-257/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. júní 2024 - Háafell ehf., Nauteyri, ID 254

Þann 11. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Háafells ehf., Nauteyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Ársyfirlit skal vera í samræmi við gr. 4.4 í starfsleyfi rekstraraðila.

Sex frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests. *Ársyfirlitinu var skilað þann 4. maí 2023 og er frávikinu því lokað.*
2. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað innan tilskilins frests. *Ársyfirlitinu var skilað þann 6. maí 2024 og er frávikinu því lokað.*
3. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var ekki skilað innan tilskilins frests. *Græna bókhaldinu var skilað þann 4. maí 2023.*
4. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað. *Staðfestingu (undirritun) stjórnar og endurskoðanda vantar.*
5. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Fosfórlosun árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi.
6. Gr. 3.12 í starfsleyfi. Öryggisblöð voru ekki til staðar i stöðinni.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. september 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur